

Mál nr. 93/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 8. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 23. apríl 2024.
- Viðbótarathugasemdir lögmanns M dags. 29. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni X var hinn 6. maí 2022 ekið af hægri akrein Flatahrauns í Hafnarfirði, yfir á þá vinstri án nægjanlegrar aðgæslu með þeim afleiðingum að úr varð árekstur. Ók M bifreið sinni á vinstri akrein Flatahrauns og fékk við áreksturinn slink á líkamann, einkum á hægri öxl og háls. M tilkynnti um líkamstjón til V hinn 16. maí 2022 en bótaskyldu var hafnað af hálfu V 20. mars 2023. Vísaði V til hraða- og höggútreikningsskýrslu (PC-Crash) til stuðnings því að varanlegt heilsutjón geti ekki hafa hlotist af atvikinu. Hafnaði V að hlutast til um frekari gagnaöflun eða greiðslu fyrir hana en samþykkti án viðurkenningar á greiðsluskyldu að koma að greiðslu kostnaðar vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga sem falla til á fyrstu þremur mánuðum eftir slys.

M fer fram á að viðurkennd verði full og óskert bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X, sem tryggð er hjá V, vegna tjóns sem M varð fyrir í umferðaróhappinu þann 6. maí 2022. Telur M að enginn vafi leiki á að hann búi við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Áréttar M að læknar hafa í þriggja greint hann með tognun í háls hrygg, hann hafi ítrekað sótt meðferð hjá sjúkraþjálfara og sérfræðingur í heimilislækningum segir að vel geti verið að ástand M sé varanlegt. Bendir M á að hraða- og höggútreikningsskýrsla A&Ö hafi ekkert sönnunargildi í líkamstjónamálum, hvorki að forminu til né efni.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur með hliðsjón af höggútreikningsskýrslu (PC-Crash) að umferðaróhappið sem M rekur einkenni sín til hafi alls ekki næga krafta til þess að valda varanlegu líkamstjóni og því sé ósannað að einkenni M verði rakin til umrædds umferðaróhapps. Bendir V á að M ber sönnunarbyrðina fyrir því að sanna tjón sitt, þ.m.t. hvort orsakatengsl séu fyrir hendi milli núverandi einkenna og slyssins sem um ræðir. M hafi í a.m.k. tveimur öðrum slysum hlotið áverka á háls og öxl og hefur verið metinn til samtals 12 miskastiga vegna þeirra einkenna. Hefur M ekki lagt fram með málskoti fullnægjandi gögn til sönnunar á orsakatengslum milli slyssins og einkenna sem hann telur sig búa við í dag. Slík orsakatengsl verða einungis sönnuð með framlagningu matsgerðar sérfróðra og óvilhallra matsmanna.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M er vísað til þess að misskilnings virðist gæta í málalilbúnaði og úrvinnslu V á afgreiðslu málsins. Á fyrri stigum hafi V borið fyrir sig að bótaskylda væri ekki fyrir hendi. Fyrir nefndinni er aftur á móti fullyrt að bótaskylda sé fyrir hendi. Ekki er útskýrt í skrifum V hvers vegna hafnað er að standa sameiginlega að gagnaöflun vegna slyssins þegar bótaskylda vegna afleiðinga þess er fyrir hendi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 6. maí 2022 og ef svo er hvort V sé skylt að greiða fyrir gagnaöflun og mat á fjárhæð líkamstjóns M. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af skýrslu um hraðaútreikning dags. 9. júní 2022, sem V aflaði, má ráða að áreksturinn var vægur. Benda myndir af ökutækjum einnig til þess að ekki hafi komið mikið högg á bifreið M. Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Slíkt mat er einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni.

Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði samdægurs til læknis og kvartaði undan einkennum frá hægri öxl, hálsi og mjóbaki. Leitaði hann svo aftur til læknis þann 24. maí 2022 vegna sömu einkenna og var þá vísað til sjúkraþjálfara. Ekki liggur fyrir skýrsla sjúkraþjálfara en af yfirliti yfir meðferðir sjúkraþjálfara má sjá að M hefur á tímabilinu frá 30. júní 2022 til 9. júní 2023 mætt í 23 skipti til sjúkraþjálfarans. Við komu til læknis 10. ágúst 2023 lýsir M verkjum í hálsi og mjóbaki. Hvað fyrra heilsufar M varðar, er í gögnum málsins að finna matsgerð dags. 19. febrúar 2020 vegna vinnuslyss árið 2016 og umferðarslyss árið 2018. Þá er í þeirri matsgerð einnig getið um umferðarslys árið 2014. Vegna þessara slysa hefur M verið samtals metinn til 12 stiga varanlegs miska og 10% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Er um að ræða tognunaráverka á háls og hægri öxl sem metin hafa verið til 8 stiga varanlegs miska, rof á upparmstvihöfða hægri megin ásamt áverka á hægri öxl og axlarrind sem metinn hefur verið til 10% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku og svo tognunaráverka á háls og axlir sem metinn hefur verið til 4 stiga miska. Þrátt fyrir að M hafi áður haft einkenni frá hálsi útilokar það ekki að hann sé þannig viðkvæmari fyrir því að slík einkenni versni vegna árekstursins 6. maí 2022. Benda fyrirbyggjandi gögn ekki til þess að M hafi áður haft einkenni frá mjóbaki. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni við áreksturinn 6. maí 2022 þó ekki liggi enn fyrir matsgerð um heildarafleiðingar líkamstjónsins. M telst því eiga rétt til greiðslu bóta fyrir sjúkrakostnað skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna kostnaðar við gagnaöflun og matsgerð vegna afleiðinga líkamstjóns hans.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til greiðslu bóta vegna matsgerðar og kostnaðar vegna gagnaöflunar skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir